



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2025-015U006**

Dagsetning: **31. mars 2025**

Staðsetning: **Steinafjall**

Atvik: **Grjóthrun á fólksbifreið**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Þann 31. mars 2025 var Kia Sportage fólksbifreið ekið austur Hringveg við Steinafjall. Þrjú til fjögur hundruð kílóa þungt grjót losnaði ofarlega úr fjallinu og kom í loftköstum niður hlíðina, lenti í vegkanti Hringvegar þar sem það tókst á loft og hafnaði ofan á bifreiðinni. Í bifreiðinni voru ökumaður og tveir farþegar. Ökumaður lést samstundis en farþegarnir slösuðust ekki alvarlega.

1. Helstu staðreyndir

1.1 Staðsetning



Mynd 1. Slysið varð á Hringvegnum undir Steinafjalli.

1.2 Helstu upplýsingar

Látin:

45 ára kona.

Veður og birta:

Hiti um 4°C, hægviðri og skýjað. Dagsbirta.

Vegur:

Bundið slitlag (klæðing) og blautur vegur. Hámarkshraði 90 km/klst. Meðaltalsumferð á sólarhring (ÁDU) var 2700 ökutæki árið 2024.

Tími sólarhrings:

Tilkynnt klukkan 12:42.


Ökutæki:

Kia Sportage, fólksbifreið, nýskráð árið 2025.

1.3 Atvikalýsing

Kia Sportage fólksbifreið var ekið Hringveg (nr. 1) til austurs undir Eyjafjöllum. Við Steinafjall losnaði grjót ofarlega úr fjallinu, fór í loftköstum niður hlíðina, lenti á vegkanti Hringvegar og kastaðist þaðan upp á þak bifreiðarinnar, vinstra megin að framan ofan sætis ökumanns bifreiðarinnar (mynd 3). Ökumaður bifreiðarinnar lést samstundis. Auk ökumanns voru tveir farþegar í bifreiðinni sem slösuðust ekki alvarlega. Þeir sátu í framsæti bifreiðarinnar og hægra aftursæti. Eftir slysið stöðvaðist bifreiðin utan vegar sunnan megin um 80 metra frá slysstað (mynd 2). Grjótið, sem lenti á bifreiðinni, stöðvaðist utan vegar, um 35 metra frá slysstað sunnan við veginn (mynd 2).

Slysið var tilkynnt til lögreglu kl. 12:42 og viðbragðsaðilar fóru á vettvang. Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar tilkynnti Rannsóknarnefnd samgönguslysa um slysið kl. 12:51.



Mynd 2. Yfirlitsmynd af slysstað sýnir akstursátt bifreiðarinnar. Á myndinni má sjá slysstað og hvar bifreiðin stöðvaði utan vegar. Einnig má sjá ákomur á jarðvegi eftir grjótið (gulir hringir) og staðsetningu þess eftir slysið.

1.4 Áverkar

Í Kia bifreiðinni var ökumaður ásamt tveimur farþegum. Ökumaðurinn hlaut fjöláverka í slysinu og lést samstundis. Farþegarnir slösuðust ekki alvarlega og voru fluttir með sjúkrabifreiðum á


sjúkrahús. Ökumaður og farþegar voru spenntir í öryggisbelti og sprungu loftpúðar bifreiðarinnar út.

1.5 Ökutækið

Bifreiðin var ekki tekin til bíltæknirannsóknar.

Kia Sportage fólksbifreið

Kia bifreiðin var fimm dyra, tengiltvinn bensín/rafknúin. Nýskráning var í janúar 2025. Bifreiðin átti næstu aðalskoðun í ágúst 2028 og var með gilda skoðun þegar slysið átti sér stað. Eigin þyngd bifreiðarinnar var 1935 kg og leyfð heildarþyngd var 2415 kg. Breidd bifreiðarinnar var 1,87 metrar og lengd 4,52 metrar. Bifreiðin var á negldum vetrarhjólborðum. Bifreiðin var skráð í notkunarflokk „Ökutækjaleiga“.



1.6 Ökuhraði

Ökuhraði Kia bifreiðarinnar

Hraði og aðrar upplýsingar voru ekki lesnar úr vöktunarhugbúnaði bifreiðarinnar.

Mynd 3. Ákoma var á vinstri framhluta þaks bifreiðarinnar.

1.7 Vegur og umhverfi

Vegurinn þar sem slysið varð var með eina akrein í hvora átt. Hámarkshraði á veginum var 90 km/klst. Eftir miðju vegarins var óbrotin lína í akstursstefnu til austurs og hálfbrotin í gagnstæða átt (mynd 2). Heildarbreidd slitlags var um 7,0 metrar þar sem hvor akrein var um 3,0 metrar á breidd og 0,4 til 0,6 metra breiðar vegaxlir. Vegurinn var blautur, hiti var um 4°C og skýjað.

Steinafjall liggur á milli Núpakotsdals að austanverðu og Holtsdals að vestanverðu. Neðstu 160 til 200 metrar fjallsins eru huldir skriðuefni, sem hefur fallið úr fjallinu á löngum tíma. Þar fyrir ofan er nær lóðréttur klettaveggur upp á efstu brún fjallsins sem er í um 400 til 500 metra hæð. Sunnan við fjallið liggur Holtsós (mynd 1). Staðurinn er þekktur grjóthrunsstaður og voru grjóthrunsmerki staðsett við hringveginn sitt hvoru megin við Steinafjall. Grjótið sem féll úr fjallinu og lenti á bifreiðinni var 300 – 400 kg að þyngd.

1.8 Áfengis- og lyfjarannsókn

Niðurstaða áfengis- og lyfjarannsóknar á ökumanni var neikvæð.

2. Greining

2.1 Grjóthrun

Talsvert er af skráðum upplýsingum um grjóthrun á þessu svæði. Í kjölfar grjóthruns úr Steinafjalli 2. september 1997, þar sem meðal annars féll 50 til 70 tonna bjarg á veginn, gerði Veðurstofa Íslands greinagerð um grjóthrun úr Steinafjalli í austanverðum Eyjafjöllum¹. Sú greinagerð er með sérstaka áherslu á atburði sem áttu sér stað 2. og 26. september 1997 og þeir settir í samhengi við eldri skráða grjóthruns- og skriðuatburði á svæðinu. Nýlegar upplýsingar um grjóthrun við Steinafjall koma fram í fjölmiðlum frá 2008 og 2012 þar sem stórir steinar ultu út á þjóðveginn og tveimur bifreiðum var í seinna tilvikinu ekið á steinana en engin slys urðu á fólki. Að sögn heimamanna er grjóthrun algengast á haustin og vorin.

2.2 Ökutækið

Bíltæknirannsókn

Bifreiðin var ekki tekin til bíltæknirannsóknar en hún var rétt um tveggja mánaða gömul þegar slysið varð.


Hraði

Samkvæmt vitnum var bifreiðinni ekið á um 90 km/klst þegar slysið varð.

2.3 Vegur og umhverfi

Hringvegur á slysstað er stofnvegur. Samkvæmt talningum var árdagsumferð (ÁDU) 2700 bílar á sólarhring árið 2024. Staðurinn er þekktur grjóthrunsstaður en engar varnir við grjóthruni eru við Steinafjall meðfram Hringvegi. Árdagsumferð (ÁDU) hefur rúmlega fimmfaldast frá árinu 2000 en þá var árdagsumferðin 494 bílar á dag (mynd 4) en aukin umferð um veginn eykur líkur á sambærilegum slysum. Talið er að grjótið hafi losnað frá hamrabeltinu ofarlega í fjallinu (mynd 5).

¹ Þorsteinn Sæmundsson, 1997. Grjóthrun úr Steinafjalli í austanverðum Eyjafjöllum 2. september 1997. Greinagerð Veðurstofu Íslands, Vi-G97029-UR24.




Mynd 4. Árdagsumferð við slysstað frá árinu 2000 til 2024. Árið 2020 dróst umferð verulega saman vegna Covid-19 faraldurs.

Hönnun

Í veghönnunarreglum Vegagerðarinnar er kveðið á að þær séu grundvöllur hönnunar þjóðvega. Þar skuli grjóthrunshætta greind sérstaklega með berggreiningu og hættumati. Niðurstöður þess ráði legu vegar, þversniði og þörf fyrir varnir. Í reglunum er einnig kveðið á um öryggissvæði við veg, varnaraðgerðir og reglulegt eftirlit og viðhald.

Sveitarfélagið.

Í september 2025 lagði skipulags- og umhverfisnefnd Rangárbíngs eystra fram tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins á legu Hringvegar við Steinafjall undir Eyjafjöllum. Þetta var formlegt skref sveitarfélagsins í átt að skipulagsbreytingu á veglínunni. Þegar þessi skýrsla var rituð hafði málið ekki verið afgreitt endanlega af hálfu sveitarfélagsins.



Mynd 5. Grjótið losnaði ofarlega í fjallinu (gulur hringur) og fór niður fjallshlíðina.

3. Niðurstöður

3.1 Meginorsök slyssins

Grjóthrun varð úr fjallshlíð fyrir ofan veg.

Ökumaður Kia bifreiðarinnar lést samstundis þegar grjót úr Steinafjalli lenti á bifreið hans.

3.2 Aðrar orsakir slyssins

Engar varnir voru gegn grjóthruni.

Engar varnir voru gegn grjóthruni við Hringveg við Steinafjall en að sögn staðkunnugra er algengt að fjarlægja þurfi grjót af veginum.

4. Tillögur í öryggisátt

25-015U006T01 Úrbætur vegna grjóthruns.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir þeirri tillögu til Vegagerðarinnar að vinna þegar að úrbótum á Hringvegi við Steinafjall vegna hættu á grjóthruni á veginn.

Gera þarf viðeigandi úrbætur til að bæta umferðaröryggi þar sem umferð um vegarkaflann hefur aukist mikið undanfarin ár og búast má við vaxandi umferð. Vegarkaflinn við Steinafjall er þekktur grjóthrunsstaður og að sögn kunnugra er grjóthrun úr fjallinu algengast á haustin og vorin. Að þeirra sögn er slíkt grjóthrun mun algengara en skráðar heimildir segja til um. Grjót- og grjóthrunsmerki eru við Hringveg á móts við Steinafjall.



Skýrsluna samþykktu til útgáfu:

Geirprúður Alfreðsdóttir
Guðrún Nína Petersen
Áslaug Árnadóttir
Guðrún María Svavarsdóttir

Kópavogi, 13. janúar 2026

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Björgvin Þór Guðnason

Stjórnandi rannsóknarinnar

Björgvin Þór Guðnason